

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 488 24. júlí 1980, um fjarskipti á skipum.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 448 24. júlí 1980, framlengjast til 15. febrúar 1981.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 30. desember 1980.

Tómas Árnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 9. janúar 1980 um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalabýðendur.

1. gr.

Í stað orðanna „Skal hvor kafli vera blaðsíða að lengd“ í 2. gr. I.,b., koma orðin „Skal hvor kafli vera 2 til 3 blaðsíður að lengd“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 32 2. nóvember 1914 um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalabýðendur, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Örn Sigurðsson.